

44. Fundur Æskulýðs- og íþróttanefndar, Ráðhúsinu

31. ágúst kl. 17:00

Mættir: Einar Gunnarsson, Ingi Berg Ingason. Guðný Pálsdóttir, Eydís Eypórsdóttir, Helga Guðmundsdóttir og Helga Sveinsdóttir

1. Félagsmiðstöðin – ákveðið að opna um miðjan september og sama fyrirkomulag verður haft og í fyrravetur. Svanur verður áfram starfsmaður. 5. bekkur fær tíma í Félagsmiðstöðinni tvisvar fyrir áramót og tvisvar eftir áramót. Hugsanlegt að haldin verði námskeið eins og t.d. glernámskeið o.fl. til að auka flórana í framboði til tólmstundariðju. Uppákomur eins og Æskulýðsball og Stíll verða haldnar á haustönninni. Nemendaráð verður kosið í þessari viku og formaður þess í næstu viku.
2. Hljómsveitaraðstaða – nefndin kemur með tillögu um að húsnæði Tónlistarskólans verði nýtt fyrir hljómsveitaraðstöðu.
3. Ungmennaráð – ráðið hefur verið mjög óvirkt undanfarin ár. Rætt um ástæður þess, ýmislegt nefnt. Ákveðið að ræða við þá tvo sem enn búa hér og eru í ráðinu og fá þá til þess að koma með uppástungur um ný nöfn.
4. Bréf frá UMFÍ – bréf barst frá UMFÍ um tóbaksnotkun í og við íþróttahús. Þeir eru að selja auglýsingar um forvarnir til að hengja á íþróttahús. Nefndin mælir með að bærinn kaupir slíka auglýsingu. Nefndinni finnst það alveg ófært að þjálfarar og aðrir sem starfa með börnum noti munntóbak eða annað tóbak þegar þeir eru við störf en brögð hafa verið að því. Tekið verði á þeim málum. Einnig rætt um að leita til einhverra t.d. Jafningjafræðslunnar um forvarnir við tölvufíkn í tengslum við Forvarnardaginn.
5. Kvörtun kom frá formanni Snæfells um nýtingu á íþróttahúsinu á morgnanna. Nefndin mælir með að kvörtun verði komið áfram til Skólanefndar.
6. Önnur mál – Ingi nefndi að það mætti fara huga að almennilegum körfuboltavelli utanhúss. Körfurnar við skólann eru alltof háar fyrir nemendur skólans og telur nefndin að það mætti ráða bót á því. Ingi spurði um hvort Stykkishólmur tæki ekki þátt í Skólahreysti sem haldið er á landsvísu. Stefnt er að því að taka þátt þetta árið.

Helga Sveinsdóttir ritari (sign),

Einar Gunnarsson (sign),

Eydís Eyþórsdóttir (sign),

Guðný Pálsdóttir (sign),

Ingi Berg Ingason (sign),

Helga Guðmundsdóttir (sign).